

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/1257****2022/EES/32/13****frá 21. apríl 2021**

**um breytingar á framseldum reglugerðum (ESB) 2017/2358 og (ESB) 2017/2359 að því er varðar samþættingu sjálfbærniþátta, sjálfbærniáhættu og óska um sjálfbærni við kröfur um eftirlit og stýringu afurða fyrir váttryggingafélög og dreifingaraðila váttrygginga og við reglur um viðskiptahætti og fjárfestingarráðgjöf fyrir váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um dreifingu váttrygginga <sup>(1)</sup>, einkum 25. gr. (2. mgr.), 28. gr. (4. mgr.) og 30. gr. (6. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Umbreytingin yfir í hringrásarhagkerfi sem losar lítið af kolefni, er sjálfbærara og auðlindanýtið, í samræmi við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, er lykilþáttur í að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Sambandið samþykkti Parísarsamninginn árið 2016 <sup>(2)</sup>. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. Parísarsamningsins miða að því að styrkja viðbrögð við loftslagsbreytingum með því, m.a., að gera fjármagnsflæði samrýmanlegt við ferli í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og þróun viðnáms gegn loftslagsbreytingum.
- 2) Til að bregðast við þessari áskorun lagði framkvæmdastjórnin fram Grænt samkomulag í Evrópu <sup>(3)</sup> í desember árið 2019. Græna samkomulagið er ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi þar sem nettólosun gróðurhúsalofttegunda verður engin frá og með árinu 2050 og þar sem hagvöxtur er aftengdur nýtingu auðlinda. Þetta markmið krefst þess að fjárfestar fái skýr skilaboð að því er varðar fjárfestingar sínar til að komast hjá því að eignir verði verðlausar og til að virkja sjálfbæra fjármögnun.
- 3) Framkvæmdastjórnin birti í mars 2018 aðgerðaáætlun sína „Fjármögnun sjálfbærs vaxtar“ <sup>(4)</sup> og hratt af stað metnaðarfullri og yfirgripsmikilli áætlun um sjálfbær fjármál. Eitt af markmiðum þessarar aðgerðaáætlunar er að beina fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu til að ná fram sjálfbærum hagvexti fyrir alla.
- 4) Rétt framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar ýtir undir eftirspurn fjárfesta eftir sjálfbærum fjárfestingum. Þess vegna er nauðsynlegt að útskýra nánar að sjálfbærniþættir og sjálfbærnitengd markmið ættu að teljast hluti af kröfunum um afurðastýringu sem settar eru fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2358 <sup>(5)</sup>.
- 5) Váttryggingafélög og váttryggingamiðlarar sem framleiða váttryggingarafurðir ættu að taka sjálfbærniþætti til athugunar í afurðasamþykktarferlinu fyrir hverja váttryggingarafurð og í öðru afurðastýringar- og eftirlitsfyrirkomulagi fyrir hverja váttryggingarafurð sem ætlunin er að dreifa til viðskiptavina er sækjast eftir váttryggingarafurðum með sjálfbærnitengt snið.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

<sup>(3)</sup> COM(2019) 640, lokagerð.

<sup>(4)</sup> COM(2018) 97, lokagerð.

<sup>(5)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2358 frá 21. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 að því er varðar kröfur um eftirlit og stýringu afurða fyrir váttryggingafélög og dreifingaraðila váttrygginga (Stjtið. ESB L 341, 20.12.2017, bls. 1).

- 6) Að teknu tilliti til þess að markhópurinn ætti að vera ákvarðaður af nægjanlegri nákvæmni, ætti almenn yfirlýsing um að váttryggingarafurð sé með sjálfbærnitengt snið ekki að nægja. Váttryggingafélagið eða váttryggingamiðlarinn sem framleiðir váttryggingarafurðina ætti heldur að gera nánari grein fyrir þeim hópi viðskiptavina með tiltekin sjálfbærnitengd markmið sem ætlunin er að dreifa váttryggingarafurðinni til.
- 7) Til að tryggja að váttryggingarafurðir með sjálfbærniþáttum séu einnig auðveldlega aðgengilegar viðskiptavinum sem ekki hafa óskir um sjálfbærni, ættu váttryggingafélög og váttryggingamiðlarar sem framleiða váttryggingarafurðir ekki að þurfa að auðkenna viðskiptavinahópa með þarfir, einkenni og markmið sem váttryggingarafurð með sjálfbærniþáttum samrýmist ekki.
- 8) Sjálfbærniþættir váttryggingarafurðar ættu að vera settir fram á gagnsæjan hátt til að gera dreifingaraðilum váttrygginga kleift að veita viðskiptavinum sínum eða hugsanlegum viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar.
- 9) Áhrifamatið sem liggur til grundvallar síðari tillögum að lagagerðum og birt var í maí 2018 <sup>(6)</sup> sýndi fram á að þörf er á að skýra að váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög sem dreifa váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum þurfa taka tillit til sjálfbærniþátta sem hluta af skyldum sínum gagnvart viðskiptavinum sínum og hugsanlegum viðskiptavinum.
- 10) Til að viðhalda háum gæðastaðli um fjárfestavernd ættu váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög sem dreifa váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum, þegar þau greina þær tegundir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar, að telja með þær tegundir hagsmunaárekstra sem stafa af samþættingu óska viðskiptavinar um sjálfbærni. Að því er varðar fyrirliggjandi viðskiptavini sem hæfismat hefur þegar verið gert fyrir ættu váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög að geta greint sérstakar óskir viðskiptavinarins um sjálfbærni við næstu reglubundnu uppfærslu á fyrirliggjandi hæfismati.
- 11) Váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög sem veita ráðgjöf um váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir ættu að geta mælt með hentugum váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum við viðskiptavini sína eða hugsanlega viðskiptavini og ættu þess vegna að geta spurt spurninga til að auðkenna sérstakar óskir viðskiptavinarins um sjálfbærni. Í samræmi við við þá skyldu að annast dreifingarstarfsemi með ítrustu hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi ættu ráðleggjendur til viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina að endurspeglja bæði fjárhagsleg markmið og hvers konar óskir um sjálfbærni sem þessir viðskiptavinir hafa látið í ljós. Þess vegna er nauðsynlegt að skýra að innfelling sjálfbærniþátta í ráðgjafarferlið megi ekki leiða til villandi söluaðferða eða rangra staðhæfinga um að váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir uppfylli óskir um sjálfbærni þegar þær gera það ekki. Til að koma í veg fyrir slíkar aðferðir eða rangar staðhæfingar ættu váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög sem veita ráðgjöf um váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir að meta fyrst önnur fjárfestingarmarkmið og einstaklingsbundnar aðstæður viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar, áður en þau kalla eftir mögulegum óskum hans eða hennar um sjálfbærni.
- 12) Fram til þessa hafa verið þróaðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir af misjöfnum metnaði þegar kemur að sjálfbærni. Til að gera viðskiptavinum og hugsanlegum viðskiptavinum kleift að skilja mismunandi stig sjálfbærni og taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir að því er varðar sjálfbærni ættu váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög sem dreifa váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum að útskýra muninn á milli, annars vegar váttryggingatengdra fjárfestingarafurða sem, að öllu leyti eða að hluta, stefna að sjálfbærum fjárfestingum í atvinnustarfsemi sem uppfyllir skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 <sup>(7)</sup>, sjálfbærra fjárfestinga eins og þær eru skilgreindar í 17. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 <sup>(8)</sup> og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða sem taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna á sjálfbærniþætti og sem hægt væri að mæla með á grundvelli þess að þær uppfylli sérstakar óskir viðskiptavina um sjálfbærni og, hins vegar, annarra váttryggingatengdra fjárfestingarafurða sem hafa ekki þessi sérkenni og sem ekki ætti að vera hægt að mæla með við viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini sem hafa sérstakar óskir um sjálfbærni

<sup>(6)</sup> SWD(2018) 264, lokagerð.

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærni fjárfestingum og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

- 13) Nauðsynlegt er að bregðast við áhyggjum af „grænþvotti“ sem einkum er stundaður til að ná óréttmætu samkeppnisforskoti með því að mæla með váttryggingatengdri fjárfestingarafurð sem umhverfisvænni eða sjálfbærri, þegar sú váttryggingatengda fjárfestingarafurð uppfyllir í raun ekki grundvallar umhverfislega eða aðra sjálfbærnitengda staðla. Til að koma í veg fyrir villandi söluaðferðir og grænþvott ættu váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög sem dreifa váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum ekki að mæla með váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum eins og þær uppfylli sérstakar óskir um sjálfbærni ef þessar afurðir uppfylla ekki þessar óskir. Váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög sem dreifa váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum ættu að útskýra fyrir viðskiptavinum sínum eða hugsanlegum viðskiptavinum ástæðurnar fyrir að gera það ekki og halda skrár yfir þær ástæður.
- 14) Nauðsynlegt er að skýra að þó váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir séu ekki viðeigandi með tilliti til sérstakra óska um sjálfbærni geta váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög sem dreifa váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum áfram mælt með þeim en ekki á þeim þeim grundvelli að þær uppfylli sérstakar óskir um sjálfbærni. Til að hægt sé að veita viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum frekari ráðgjöf í þeim tilvikum þar sem váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir uppfylla ekki óskir viðskiptavinarins um sjálfbærni ætti viðskiptavinurinn að eiga kost á að aðlaga upplýsingarnar um óskir sínar um sjálfbærni. Til að koma í veg fyrir villandi söluaðferðir og grænþvott ættu váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög sem dreifa váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum að halda skrár um ákvarðanir viðskiptavinarins ásamt útskýringum hans til stuðnings aðlöguninni.
- 15) Ákvæði þessarar reglugerðar tengjast náið hvert öðru og ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/2088 þar sem þau koma á yfirgrípsmiklu kerfi fyrir birtingu upplýsinga um sjálfbærniþætti. Til að tryggja samræmda túlkun og beitingu þessara ákvæða og ganga úr skugga um að markaðsaðilar og lögbær yfirvöld sem og fjárfestar öðlist víðtækan skilning og hafi auðveldan aðgang að þeim, er æskilegt að fella þau inn í eina réttargerð.
- 16) Því ætti að breyta framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2358 og (ESB) nr. 2017/2359 <sup>(9)</sup> til samræmis við það.
- 17) Lögbær yfirvöld, váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög ættu að fá nægan tíma til að aðlaga sig að nýju kröfunum í þessari reglugerð. Því ætti að fresta gildistöku hennar.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/2358

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/2358 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað i. liðar í a-lið 3. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„i. tekið er tillit til markmiða, hagsmuna og einkenna viðskiptavina, þ.m.t. allra sjálfbærnitengdra markmiða,“

- 2) Í stað 5. og 6. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

#### Markhópur

1. Í afurðasamþykktarferlinu skal skilgreina markhópin og þann hóp viðskiptavina sem fer saman við hann fyrir hverja váttryggingarafurð fyrir sig. Markhópin skal skilgreina af nægjanlegri nákvæmni, að teknu tillit til eiginleika, áhættusniðs, flækjustigs og eðlis váttryggingarafurðarinnar, sem og sjálfbærniþátta hennar eins og þeir eru skilgreindir í 24. tölulið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (\*).

<sup>(9)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2359 frá 21. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 að því er varðar kröfur um upplýsingar og reglur um viðskiptahætti sem gilda um dreifingu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða (Stjtið. ESB L 341, 20.12.2017, bls. 8).

2. Framleiðendum er heimilt, einkum að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir, að skilgreina hópa viðskiptavina sem á grundvelli þarfa, einkenna og markmiða falla almennt utan markhóps váttryggingaafurðarinnar, nema í váttryggingaafurðunum sé tekið tillit til sjálfbærniþátta eins og um getur í 1. mgr.

3. Framleiðendur skulu eingöngu hanna og markaðssetja váttryggingarafurðir sem eru samrýmanlegar þörfum, einkennum og markmiðum, þ.m.t. hvers konar sjálfbærnitengdum markmiðum, viðskiptavina sem tilheyra markhópnum. Þegar metið er hvort váttryggingarafurð sé samrýmanleg markhópi skulu framleiðendur taka tillit til hversu miklar upplýsingar eru tiltækar viðskiptavinunum sem tilheyra markhópnum og fjármálalæsis þeirra.

4. Framleiðendur skulu tryggja að starfsfólk sem tekur þátt í hönnun og framleiðslu váttryggingarafurða hafi nauðsynlega hæfni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að skilja til hlítar váttryggingarafurðirnar sem seldar eru og hagsmuni, markmið, þ.m.t. hvers konar sjálfbærnitengd markmið, og einkenni viðskiptavinnanna sem tilheyra markhópnum.

6. gr.

### Prófun á afurð

1. Framleiðendur skulu prófa váttryggingarafurðir sínar á viðeigandi hátt, þ.m.t. með sviðsmyndagreiningum þar sem við á, áður en sú afurð er markaðssett eða henni verulega breytt, eða ef markhópurinn hefur breyst umtalsvert. Í þeirri afurðaprófun skal metið hvort váttryggingarafurðin uppfyllir skilgreindar þarfir, markmið, þ.m.t. hvers konar sjálfbærnitengd markmið, og einkenni viðskiptavinnanna sem tilheyra markhópnum. Framleiðendur skulu prófa váttryggingarafurðir sínar með eiginlegum hætti og, með hliðsjón af gerð og eiginleikum váttryggingarafurðarinnar og tengdrar hættu til skaða fyrir viðskiptavini, á meginlegan hátt.

2. Framleiðendur skulu ekki setja váttryggingarafurðir á markað ef niðurstöðurnar úr afurðaprófuninni sýna að afurðirnar uppfylla ekki skilgreindar þarfir, markmið, þ.m.t. hvers konar sjálfbærnitengd markmið, og einkenni markhópsins.

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).“

3) Í stað 1. mgr. í 7. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Framleiðendur skulu með viðvarandi hætti vakta og endurskoða reglulega váttryggingarafurðir sem þeir hafa markaðssett til að greina atvik sem gætu haft umtalsverð áhrif á mikilvægustu eiginleika, áhættuvernd eða tryggingar þessara afurða. Þeir skulu meta hvort váttryggingarafurðirnar séu í samræmi við þarfir, einkenni og markmið, þ.m.t. hvers konar sjálfbærnitengd markmið, skilgreinda markhópsins og hvort þessum afurðum sé dreift til markhópsins eða nái til viðskiptavina utan markhópsins.“

4) Í stað 3. mgr. í 8. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Upplýsingarnar sem um getur 2. mgr. skulu gera dreifingaraðilum váttrygginga kleift að:

a) skilja váttryggingarafurðirnar,

b) skilja skilgreindan markhóp váttryggingarafurðanna,

c) skilgreina hvaða viðskiptavinir hafa þarfir, einkenni og markmið, þ.m.t. hvers konar sjálfbærnitengd markmið, sem samrýmast ekki váttryggingarafurðinni,

d) stunda dreifingarstarfsemi fyrir viðkomandi váttryggingarafurðir með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi sbr. 1. mgr. 17. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97.“

5) Í stað 2. mgr. í 10. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Fyrirkomulagið við dreifingu afurðar skal:

a) miða að því að koma í veg fyrir og draga úr skaða fyrir viðskiptavin,

- b) styðja tilhlýðilega stýringu hagsmunaárekstra,
  - c) tryggja að tekið sé nægilegt tillit til markmiða, hagsmuna og einkenna viðskiptavina, þ.m.t. hvers konar sjálfbærnitengdra markmiða.“
- 6) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:

„11. gr.

#### Upplýsingagjöf til framleiðanda

Dreifingaraðilar sem verða þess áskynja að váttryggingaafurð er ekki í samræmi við hagsmuni, markmið og einkenni viðskiptavinanna sem tilheyra skilgreinda markhópnum, þ.m.t. hvers konar sjálfbærnitengd markmið, eða verða þess áskynja að aðrar aðstæður sem tengjast afurð geti haft neikvæð áhrif á viðskiptavininn, skulu tafarlaust upplýsa framleiðandann og, eftir því sem við á, breyta dreifingaráætlun sinni fyrir viðkomandi váttryggingaafurð.“

2. gr.

#### Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/2359

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/2359 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 4. og 5. liðir bætast við 2. gr.:

„4) „óskir um sjálfbærni“: val viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á því hvort og þá að hvaða marki einn eða fleiri af eftirfarandi fjármálaafurðum skuli felldar inn í fjárfestingu hans eða hennar:

- a) váttryggingatengd fjárfestingarafurð sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákveður að lágmarkshlutfall skuli fjárfest í umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (\*),
- b) váttryggingatengd fjárfestingarafurð sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákveður að lágmarkshlutfall skuli fjárfest í sjálfbærum fjárfestingum eins og þær eru skilgreindar í 17. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (\*\*),
- c) váttryggingatengd fjárfestingarafurð sem felur í sér að tekið sé tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti þar sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákvarðar eigindlega eða meginlega þætti sem sýna fram á að slíkt tillit sé tekið,

- 5) „sjálfbærniþættir“: sjálfbærniþættir eins og þeir eru skilgreindir í 24. tölulíð 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088.

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjttíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

(\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjttíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).“

- 2) Í stað 1. mgr. í 3. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Til að greina tegundir hagsmunaárekstra skv. 28. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97 sem koma upp við hvers konar dreifingu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða og sem fela í sér hættu á að hagsmunir viðskiptavinar skaðist, þ.m.t. sjálfbærnióskir hans eða hennar, skulu váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög hafa til hliðsjónar eftirfarandi viðmið þegar þau meta hvort þau, viðkomandi aðili eða sérhver aðili sem beint eða óbeint tengist þeim vegna yfirráða, eigi hagsmuna að gæta af dreifingunni:

- a) hvort hagsmunir þeirra af dreifingunni séu aðrir en hagsmunir viðskiptavinarins eða hugsanlegs viðskiptavinar,

b) hvort þeir geti mögulega haft áhrif á dreifinguna til skaða fyrir viðskiptavininn.

Vátryggingamiðlarar og vátryggingafélög skulu beita sömu aðferð til að greina hagsmunarárekstra milli viðskiptavina.“

3) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) hún samræmist fjárfestingarmarkmiðum viðkomandi viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar, þ.m.t. áhættuþoli þess einstaklings og öllum óskum um sjálfbærni,“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Upplýsingarnar varðandi fjárfestingarmarkmið viðskiptavinarins eða hugsanlega viðskiptavinarins skulu fela í sér, þar sem við á, upplýsingar um hve lengi viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn hefur í hyggju að halda fjárfestingunni, óskir hans varðandi áhættusækni, áhættusniðið, tilganginn með fjárfestingunni og, að auki, óskir hans eða hennar um sjálfbærni. Upplýsingarnar sem safnað er skulu vera hæfilegar fyrir þá sértæku tegund afurðar eða þjónustu sem er til skoðunar.“

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Þegar ráðgjöf er veitt um vátryggingatengda fjárfestingarafurð skv. 1. mgr. 30. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97, skal vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag ekki veita ráðleggingar ef engin af afurðunum hentar viðskiptavininum eða hugsanlegum viðskiptavini.

Vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag skal ekki mæla með vátryggingatengdum fjárfestingarafurðum á þeim grundvelli að þær uppfylli óskir viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar um sjálfbærni þegar þessar vátryggingatengdu fjárfestingaafurðir uppfylla ekki þær óskir. Vátryggingamiðlararinn eða vátryggingafélagið skal útskýra fyrir viðskiptavininum eða hugsanlegum viðskiptavinum ástæðurnar fyrir að gera það ekki og halda skrár yfir þær ástæður.

Uppfylli engin vátryggingatengd fjárfestingarafurð óskir viðskiptavinarins eða hugsanlega viðskiptavinarins um sjálfbærni og viðskiptavinurinn ákveður að aðlaga óskir sínar um sjálfbærni, skal vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið halda skrár um ákvörðun viðskiptavinarins, þ.m.t. ástæður þeirrar ákvörðunar.“

4) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar í b-lið 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„i. fjárfestingarmarkmiðum viðskiptavinarins, þ.m.t. áhættuþoli þess einstaklings, og hvort fjárfestingarmarkmiðum viðskiptavinarins er náð með því að taka tillit til óska hans eða hennar um sjálfbærni,“

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 4. mgr.:

„Kröfurnar um að uppfylla óskir viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina um sjálfbærni, ef við á, skulu ekki breyta þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein.“

3. gr.

### Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. ágúst 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---